

Bergmál, innsetning og dagbók í ljósmyndum

● Tvær sýningar í Ljósmyndasafninu

Þær Charlotta María Hauksdóttir og bandaríska listakonan Sonja Thomsen opna í dag, laugardag klukkan 15, sýningu í sal Ljósmyndasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu 15 sem þær kalla *Bergmál*.

Þær Charlotta María og Thomsen stunduðu nám á sama tíma við San Francisco Art Institute og útskrifuðust með MFA-gráðu í ljósmyndun árið 2004. Þær eru báðar búsettar vestra, Charlotta María í Palo Alto og Thomsen í Wisconsin.

Charlotte María tók myndaseríuna *Horfur* á níu mánaða tímabili hér á landi frá hausti 2008 til vors 2009. Sérjan er unnin á umbrotatímum á Íslandi og sett upp í formi bókverks. Í *Baksýnispeglinum*, röð mynda sem teknar eru af baksýnis- spegli bíls, sjást tvö sjónarhorn samtímis.

Sonja Thomsen vinnur með ljósmyndir og innsetningar. Hún birtir myndbrot úr lífi sem virðast við fyrstu sýn vera sprottin úr undir-meðvitundinni en öðlast nýja merkingu í meðförum áhorfandans. *Lacuna* er til að mynda innsetning á vegg og er sett þannig fram að nokkrar myndanna eru fjölfaldaðar í bunkum sem hægt er að rífa af og



Samhentar Skólasysturnar Sonja Thomsen og Charlotta María Hauksdóttir sýna bókverk, innsetningu og myndraðir í Ljósmyndasafninu.

næla sér í eintak.

Samtímis verður opnuð í Ljósmyndasafninu sýningin *Dagbók- arbrot Christians Schierbeck 1901 1902*. Schierbeck (1872-1917) var læknir í Reykjavík frá 1901-1902, tók talsvert af myndum meðfram

starfi sínu og hélt einskonar dagbók þar sem hann skrifaði við hverja mynd ýmsar upplýsingar og persónulegar athugasemdir. Með dagbók sinni tekst Schierbeck vel að fanga augnablik í lífi bæjarbúa sem hann myndar við leik og störf.

